

1937

Föstudaginn 27. nóvember 1992.

Nr. 427/1991. **Sigurjón Ólafsson**

gegn

**Verðbréfamarkaði Fjárfestingarfélagsins,**

**Verðbréfamarkaði Íslandsbanka hf. og**

**Sparisjóði Vestmannaeyja.**

Kærumál. Nauðungaruppboð. Frávísun frá Hæstarétti.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 24. október 1991. Áfrýjað var öðru og síðara nauðungaruppboði, sem fram fór 27. september 1991 á fasteigninni Foldahrauni 37 G í Vestmannaeyjum. Í stefnu kvaðst sóknaraðili gera þær kröfur, „að hin áfrýjaða uppboðsgerð verði ómerkt og að synjað verði um frekari framgang uppboðsins“. Þá krafðist hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992. Með bréfi Hæstaréttar 24. júní sl. var þess óskað við embætti bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, að málið yrði afgreitt til Hæstaréttar sem kærumál. Skjöl málsins bárust Hæstarétti 23. október sl. með bréfi dómstjóra héraðsdóms Suðurlands 22. sama mánaðar. Í bréfi dómstjórans kemur fram, að hann hafi tilkynnt aðilum málsins sama dag, að skjölin hafi verið send Hæstarétti. Með símskeyti 9. nóvember sl. var sóknaraðila gefinn lokafrestur til 13. sama mánaðar til að skila greinargerð af sinni hálfu.

Sóknaraðili hefur ekki sent Hæstarétti greinargerð og ekki tilgreint þær ástæður, sem hann reisir kæru sína á, sbr. c-lið 1. mgr. 145. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þar sem sóknaraðili hefur ekki bætt úr því þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar, verður ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá Hæstarétti, sbr. 2. mgr. 149. gr. sömu laga.

Frá varnaraðilum hafa hvorki borist kröfur né greinargerðir.

1938

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

---